

2. Stefndi greiði stefnanda, Einari Sigurðssyni f. h. Timburverksmiðju Austurlands, kr. 1000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1949 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Sératkvæði Gunnlaugs E. Briem.**

Ég er samþykktur framanrituðum dómi að öðru leyti en því, að ég tel, að sýkna beri stefnda af skaðabótakröfu stefnanda, þar sem stefnandi hefur ekki við undirskrift sammingsins 12. maí 1949 áskilið sér rétt til þess að krefjast skaðabóta.

**Sératkvæði Helga Hannessonar.**

Ég er ósamþykktur meiri hluta dómsins, þar eð ég tel, að stefnandi hafi með undirskrift sammingsins 12. maí 1949, án nokkurs áskilnaðar, firrt sig öllum rétti til krafna á hendur stefnda.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Sigurðssonar vegna Timburverksmiðju Austurlands, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. apríl 1951.

Nr. 5/1951. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co.** (Björgvin Sigurðsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Uppsögn kjarasammings og eftirfarandi verkfallsboðun dæmd ógild. Sératkvæði.

**Dómur**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co. gegn Alþýðusambandi Íslands f. h.

Verklýðsfélags Akraness, með stefnu, dags. 7. þ. m.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að uppsögn stefnda, dags. 18. marz s. l., á samningi um kaup og kjör verkamanna á Akranesi og samningi um kaup og kjör verkakvenna á Akranesi milli verklýðsfélags Akraness annars vegar og atvinnurekenda þar hins vegar, dagsettum 12. júlí 1949, en sem framlengdir voru með breytingu 9. sept. 1950, sé ógild, og að nefndir samningar verði taldir gilda til 1. júlí þ. á., eða til vara til 5. sept. s. á.
2. Að verkfallsboðun stefnda til stefnanda, dags. 1. apríl þ. á., sé dæmd ógild.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög og atvik málsins eru þessi:

Hinn 12. júlí 1949 undirrituðu atvinnurekendur á Akranesi og verklýðsfélagið þar samninga um kaup og kjör verkamanna á Akranesi og annan um kaup og kjör verkakvenna þar. 14. gr. beggja þessara samninga hljóðar á þessa leið:

„Samningur þessi gildir frá 1. júlí 1949 til 1. janúar 1950 og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Sé honum ekki sagt upp framlengist hann um þrjá mánuði með sama uppsagnarfresti.“

Framanefndum samningum var ekki sagt upp fyrir 1. janúar 1950 og giltu þeir áfram. En hinn 2. ágúst 1950 samþykkti trúnaðarmannaráð verklýðsfélagsins ályktun þess efnis, að segja upp öllum gildandi samningum, sem fælu í sér kauplagsákvæði, og var atvinnurekendum á Akranesi tilkynnt sú ákvörðun bréflæga daginn eftir, þ. e. 3. ágúst, og framangreindum samningum, dags. 12. júlí 1949, sagt upp frá og með 5. sept. 1950. Atvinnurekendur á Akranesi hreyfðu ekki, svo vitað sé, neinum athugasemdum við uppsögn þessa.

Næst gerðist það, að hinn 29. ágúst 1950 voru gefin út bráðabirgðalög um það, hversu vísitalan skyldi reiknuð. Alþýðusambandið ritaði þá verklýðsfélögunum og hvatti þau til þess að framlengja samninga sína fyrst um sinn með þeim

hætti, að hægt væri að segja þeim upp með sem minnstum fyrirvara, hvenær sem væri.

Hinn 9. september 1950 endurnýjuðu atvinnurekendur á Akranesi og verklýðsfélagið þar skriflega samningana frá 12. júlí 1949 með svohljóðandi samningi:

„Atvinnurekendur á Akranesi og Verklýðsfélag Akraness gera með sér svofellt samkomulag: Kjarasamningar þeir, sem gengu úr gildi hinn 5. sept. s.l. skulu gilda frá þeim tíma og áfram með þessum breytingum:

1. Það ákvæði í 5. gr. samningsins um kaup og kjör kvenna, sem fjallar um ákvæðisvinnu við fiskþvott, falli burtu.
2. Samningarnir skulu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara.“

Með bréfi, dags. 18. marz þ. á., tilkynnir verklýðsfélagið atvinnurekendum á Akranesi, að það segi upp öllum kaupgjaldssamningum, þar á meðal framangreindum samningum um kaup og kjör verkamanna og verkakvenna á Akranesi, frá og með 3. apríl þ. á.

Atvinnurekendur á Akranesi, þar á meðal Haraldur Böðvarsson & Co., sem ágreiningslaust er, að hafi verið aðili að samningi þessum og fengið sérstaka uppsögn frá verklýðsfélaginu, mótmæltu með bréfi, dags. 29. s. m., að uppsögn þessi væri gild og héldu því fram, að ekki væri hægt að segja upp samningum þeim, sem framlengdir voru 9. sept. f. á., fyrr en í fyrsta lagi frá og með 1. júlí þ. á. Verklýðsfélagið vildi ekki fallast á þessa skoðun. Hélt það fast við uppsögn sína og með bréfi, dags. 1. þ. m., tilkynnti það atvinnurekendum, að trúnaðarmannaráð félagsins hefði samþykkt, að hafin skyldi vinnustöðvun 10. s. m., ef ekki hefðu þá náðst nýir samningar. Atvinnurekendur á Akranesi, þ. á m. stefnandi, mótmæltu því enn með bréfi, dags. 3. þ. m., að uppsögnin væri gild. Sama dag mótmæltu þeir einnig lögmæti nefndrar verkfallsboðunar verklýðsfélagsins. Er verklýðsfélagið vildi ekki taka mótmæli atvinnurekenda til greina, höfðaði stefnandi mál þetta hér fyrir dómi, svo sem að framan er greint.

Eftir að mál þetta var höfðað ákvað verklýðsfélagið að fresta til 19. þ. m. verkfalli því, sem það hafði boðað, að hefjast skyldi 10. þ. m.

Kröfu sína um ógildi framangreindrar uppsagnar verklýðsfélagsins byggir stefnandi á því, að samkvæmt 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949 hafi þeir, eftir 1. janúar 1950, framlengt með þeim hætti, að þeir yrðu uppsegjanlegir með mánaðar fyrirvara á þriggja mánaða fresti. Með samkomulaginu frá 9. sept. 1950 hafi ekki orðið önnur breyting á þessu en sú, að uppsagnarfresturinn hafi breytzt í 14 daga, í stað eins mánaðar áður. Hins vegar hafi samningstími sá, sem greindur er í 14. gr. samninganna, haldizt og samningstíminn eftir 9. sept. 1950 því orðið sá, að samningarnir giltu fyrst til 1. janúar 1951, en síðan áfram, þannig, að þeim yrði aðeins sagt upp á þriggja mánaða fresti með 14 daga fyrirvara. Uppsögn verklýðsfélagsins 18. marz hafi því orðið of síðbúin til þess, að um gilda uppsögn miðað við 3. apríl gæti verið að ræða, og geti verklýðsfélagið nú ekki sagt þeim upp fyrr en í fyrsta lagi frá 1. júlí n. k.

Varakrafa stefnanda, að nefndir samningar aðilja verði ekki taldir uppsegjanlegir fyrr en frá 5. sept. þ. á., er á því reist, að ef talið yrði, að ákvæði 14. gr. hinna eldri samninga um 3 mánaða samningstíma hefðu fallið niður með samkomulaginu frá 9. sept. 1950, þá væri nú enginn samningstími tilgreindur í þeim samningum aðilja, er upp var sagt 18. marz s. l. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938 yrði hann þá eitt ár og ættu samningar aðilja því að gilda frá 5. sept. 1950 til 5. sept. þ. á.

Stefndi hefur eindregið mótmælt framangreindum skilningi stefnanda. Heldur hann því fram, að þegar fyrrgreint samkomulag 9. sept. f. á. var undirritað, hafi samningsaðiljar verið fullkomlega ásáttir um það, að samningarnir væru eftir þann tíma uppsegjanlegir, hvenær sem væri með 14 daga fyrirvara. Kveður hann, að skilja beri 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1940 svo, að þeir hafi fyrst gilt til 1. janúar 1950, en síðan 3 mánuði í viðbót, eða til 1. apríl 1950, en frá þeim tíma hafi mátt segja þeim upp með mánaðar fyrirvara, hvenær sem væri. Þetta hafi verklýðsfélagið einmitt gert með uppsögninni 3. ágúst 1950 og atvinnurekendur á Akranesi réttilega engum andmælum hreyft gegn lögmati þeirrar uppsagnar. Og þegar samkomulagið frá 9. sept. 1950 var undirritað, hafi báðir

samningsaðiljar verið fullkomlega ásáttir um það, að samningunum yrði eftir þann tíma sagt upp, hvenær sem væri með 14 daga fyrirvara. Telur hann, að ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938 um samningstíma kjarasamninga geti alls ekki komið til álita hér, þar sem aðiljum hafi verið frjálst að semja um það, að samningarnir skyldu uppsegjanlegir, hvenær sem væri, með þeim uppsagnartíma, sem tilgreindur sé. Uppsögn verklyðsfélagsins sé því í alla staði lögmæt og þá jafnframt verkfallsboðun þess, dags. 1. þ. m.

Þegar litið er til orðalags 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949 um samningstímamann, er eðlilegast að skilja ákvæði greinarinnar svo, að samningar þessir skyldu, eftir 1. jan. 1950, framlengjast á þriggja mánaða fresti, þannig að segja mætti þeim upp með eins mánaðar fyrirvara miðað við 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. janúar ár hvert. Nú er það að vísu svo, að hvorki stefnandi né aðrir atvinnurekendur á Akranesi hreyfðu, svo vitað sé, andmælum gegn uppsögn verklyðsfélagsins frá 3. ágúst 1950, enda þótt samningunum þá væri sagt upp frá og með 5. september s. á. En þrátt fyrir það þykir ekki, gegn eindregnum mótmælum stefnanda, öruggt, að þessi afstaða atvinnurekenda til uppsagnar verklyðsfélagsins 3. ágúst 1950, hafi af atvinnurekenda hálfu falið í sér skilorðslausu viðurkenningu þess, að segja mætti kjarasamningunum upp með mánaðar fyrirvara, hvenær sem væri. Sá skilningur stefnanda, að samningstíminn hafi átt að vera 3 mánuðir kemur og strax fram af hálfu vinnuveitenda 29. f. m., er þeir mótmæltu uppsögn verklyðsfélagsins frá 18. s. m. Samkvæmt þessu var samningstíminn eftir 14. gr. samninganna frá 14. júlí 1949 sá, að þeir framlengdust af sjálfu sér á þriggja mánaða fresti, ef þeim var ekki sagt upp miðað við 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. eða 1. jan. ár hvert.

Aðiljar máls þessa eru sammála um það, að samningar þessir hafi fallið úr gildi 5. sept. 1950, en verið endurnýjaðir frá þeim degi með framangreindu samkomulagi frá 9. sept. f. á. Kemur þá til úrlausnar það deiluatríði máls þessa, hvort gerðar hafi verið breytingar á samningstímanum með 2. lið samkomulagsins.

Málsaðilja greinir mjög á um það, hversu háttað hafi verið

viðræðum þeim, sem fram fóru milli þeirra áður en samkomulagið frá 9. sept. f. á. var undirritað. Formaður verklyðsfélagsins, sem fór með samninga af þess hálfu, heldur því eindregið fram, að hefur staðfest þá skýrslu sína hér fyrir dómi, að fullt og ótvírætt samkomulag hafi verið um það milli hans og þeirra fulltrúa atvinnurekenda, sem fóru með samninga af þeirra hálfu, að í 2. lið samkomulagsins felist það, að samningarnir séu uppsegjanlegir með 14 daga uppsagnarfresti, hvenær sem er. Þeir fulltrúar atvinnurekenda á Akranesi, sem undirrituðu samkomulagið, halda því hinsvegar fram og hafa staðfest þá skýrslu hér fyrir dómi, að ekki hafi verið rætt um samningstímann eða uppsagnarfrestinn sérstaklega, en þeir hafi hins vegar orðalaust fallizt á 14 daga uppsagnarfrestinn. Telja þeir sig ekki á nokkurn hátt hafa samþykkt, að hið eldra ákvæði 14. gr. samninganna um 3 mánaða samningstíma félli niður. Nefndir aðiljar hafa verið samspurðir um þetta hér fyrir dómi og hafa þeir þrátt fyrir það, hvor í sínu lagi, haldið fast við nefndar staðhæfingar sínar um það, hvað þeim fór á milli.

Með því að aðilja greinir svo mjög á um skilning á uppsagnarákvæðinu, og ekki eru fyrir hendi önnur gögn um þetta, verður að leggja orðalag samkomulagsins til grundvallar við úrlausn þessa ágreiningsatriðis. Þykir þá ekki unnt að skýra 2. lið þess öðruvísi en svo, að í honum felist aðeins breyting á uppsagnarákvæði 14. gr. samninganna frá 12. júlí 1949, en að framangreindur þriggja mánaða samningstími standi eftir sem áður. Hófst hið nýja samningstímabil 5. sept. 1950. Gat verklyðsfélagið ekki án samþykkis stefnanda, Haralds Böðvarssonar & Co., miðað uppsögn framan nefndra tveggja kjarasamninga við aðra daga en 5. desember, 5. marz, 5. júní og 5. september ár hvert.

Samkvæmt þessu var uppsögn Verklyðsfélags Akraness, dags. 18. marz, á kjarasamningum þeim, sem greindir voru í dómkröfum stefnanda, ógild, miðað við 3. apríl þ. á. og ber því að taka þá kröfu hans til greina. Verður samningum þessum nú ekki sagt upp fyrr en frá og með 5. júní n. k., og þá með 14 daga uppsagnarfresti.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir, að verkfallsboðun

Verklýðsfélags Akraness til Haralds Böðvarssonar & Co., dags. 1. þ. m., þar sem verkfall er boðað frá og með 10. apríl þ. á., er andstæð samningum þessara aðilja, þar sem þeir eru enn í gildi, og því ógild.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

#### Dómsorð:

1. Uppsögn Verklýðsfélags Akraness, dags. 18. marz þ. á., á samningum félagsins við atvinnurekendur á Akranesi um kaup og kjör verkamanna og kaup og kjör verkakvenna frá 12. júlí 1949, sem endurnýjaðir voru með samningi sömu aðilja 9. sept. 1950, er ógild gagnvart Haraldi Böðvarssyni & Co., og verður nefndum samningum nú ekki sagt upp fyrr en frá og með 5. júní 1951.
2. Verkfallsboðun Verklýðsfélags Akraness, dags. 1. apríl þ. á., til Haralds Böðvarssonar & Co., er ógild.
3. Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélags Akraness, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akraness vegna Haralds Böðvarssonar & Co., kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði Helga Hannessonar.

Eins og í dóminum segir er mál þetta risið út af ágreiningi um það, hvort stefndi, Verklýðsfélag Akraness, hafi haft rétt til að segja upp kaup- og kjarasamningum við atvinnurekendur á Akranesi með 14 daga fyrirvara og með þeim skilningi, að samningar væru jafnframt þá úr gildi, að liðnum þessum 14 dögum.

Í samningum þeim, er aðiljar hafa undirskrifað 12. júlí 1949, segir svo í 14. gr.:

„Samningur þessi gildir frá 1. júlí 1949 til 1. janúar 1950, og er uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara.

Sé honum ekki sagt upp, framlengist hann um þrjá mánuði með sama uppsagnarfresti.“

Samningi þessum, ásamt tveimur öðrum, segir Verklýðsfélag Akraness upp 3. ágúst 1950 með eins mánaðar fyrirvara, og féllu þeir niður 5. sept. s. á.

Hinn 9. sept. sama ár gera Verklýðsfélag Akraness og atvinnurekendur með sér samkomulag svohljóðandi:

„Kjarasamningar þeir, sem gengu úr gildi hinn 5. sept. s. l., skulu gilda frá þeim tíma og áfram, með þessum breytingum:

1. Það ákvæði í 5. gr. samningsins um kaup og kjör kvenna, sem fjallar um ákvæðisvinnu við fiskþvott, falli burtu.

2. Samningarnir skulu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara.“

Ég tel að skýra beri svo 14. gr. samningsins frá 12. júlí 1949, að sá samningur hafi í fyrstu gilt til 1. janúar 1950, en hafi honum fyrir þann tíma ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, gildi hann áfram um þrjá mánuði, þ. e. til 1. apríl 1950, en úr því fari saman gildistími hans og uppsagnarfrestur, þ. e. einn mánuður, er endurnýist frá mánuði til mánaðar, unz samningum er sagt upp.

Þessarar skoðunar virðast báðir aðilar hafa verið, þegar verklýðsfélagið sagði þessum samningi upp 3. ágúst 1950. Og hefur þeim borið saman um það hér fyrir Félagsdómi, fyrirsvarsmanni verklýðsfélagsins og fyrirsvarsmönnum atvinnurekenda, að enginn ágreiningur hafi verið milli verklýðsfélagsins og atvinnurekenda á Akranesi út af uppsögninni 2. ágúst 1950, og að atvinnurekendur hreyfðu alls engum athugasemdum við þá uppsögn.

Það verður því að líta svo á, að beggja skilningur hafi verið sá, að ekkert væri við það að athuga, að segja samningnum upp með mánaðar fyrirvara, og væri hann jafnframt úr gildi, að þeim mánuði loknum, nema endurnýjaður væri.

Það verður því einnig að telja réttan þann skilning fyrirsvarsmanna verklýðsfélagsins, er samkomulagið gerðu 9. sept. 1950 við atvinnurekendur, að samningarnir skyldu uppsegjanlegir með minnst 14 daga fyrirvara, og um það hafi verið fullt samkomulag, að stytta gildistíma samningsins og uppsagnarfrest úr einum mánuði niður í 14 daga.

Enda er upplýst undir rekstri málsins hér fyrir dóminum, að ástæðan fyrir uppsögn verklýðsfélagsins á samningnum hinn 3. ágúst 1950 var sú, að vera viðbúið til aðgerða, ef ekki fengist leiðrétting á vísitölu þeirri, er ákveðin hafði verið með bráðabirgðalögum, 112 stig, og deilt var um milli Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar.

En er sú deila leystizt, var það markmið verklýðsfélagsins á Akranesi, sem og annara verklýðsfélaga, er upp höfðu sagt í sama skyni, að hinir nýju samningar yrðu lausir á sem skemmstum tíma, ef til nýrra átaka þyrfti að koma.

Í 6. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur segir svo:

„Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks, skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur.“

Ég lit svo á, að skýra beri það orðalag 6. gr. „og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur“, að undir þetta ákvæði greinarinnar falli það beinlínis, að samningstími og uppsagnarfrestur geti verið einn og sá sami.



Tel ég því, að ákvæðum greinarinnar sé fullnægt með því formi samninga verk lýðsfélaga og atvinnurekenda, að samningstími og uppsagnarfrestur fari saman.

Í greinargerð fyrir lögnum eru þessi atriði ekki skýrð, en útlitun 6. gr. fjallar um og leggur áherzlu á, að samningarnir skuli vera skriflegir.

Ég get því engan veginn fallist á, að ógilda beri nú uppsögn samninga af hendi stefnda í máli þessu, miðað við, að samningarnir falli úr gildi 3. þ. m. og að gildistími þeirra sé lengri en til þessa dags, og tel ég verkfallsboðun stefnda gilda.

Samkvæmt framanskráðu er dómsatkvæði mitt á þessa leið:

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Verk lýðsfélag Akraness, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Akraness, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1951.

Nr. 4/1951.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hdl.).

Ágreiningur um skilning á kjarasamningi. Frávísun.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 27. marz þ. á., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Stýrimannafélags Íslands gegn Skipaútgerð ríkisins. Eru dómkröfur stefnanda þær *aðallega*, að dæmt verði, að stýrimönnum á skipum stefnda sé óskylt, samkvæmt kjarasamningi málsaðilja frá 22. júlí 1950, að inna af hendi á frívöktum sölu farmiða og farmiðaeftirlit, en *til vara*, að kjarasamningur málsaðilja frá 27. júlí 1950 verði skýrður svo, að greiða beri stýrimönnum á skipum stefnda sérstaka borgun fyrir að annast sölu farmiða og farmiðasmölun og eftirlit á frívöktum.